

Stutt ristilspeglun og Teygjumeðferð

Miðstöð meltingarlækninga, 3. hæð vesturhús, Læknastöðinni Glæsibæ
Álfheimum 74, 104 Reykjavík, www.mml.is

Almennar upplýsingar:

Teygjumeðferð er meðferð sem hentar við gyllinæð ef eitthvað bungar út við hægðalosun og/eða blæðir. Hún er framkvæmd af endaparmsskurðlækni.

Þetta er lítið inngrip, sem hægt er að gera í kjölfar stuttrar ristilspeglunar.

Leiðbeiningar um undirbúning fyrir stutta ristilspeglun og teygjumeðferð:

Mikilvægt er að hreinsa út neðsta hluta ristilsins fyrir rannsóknina. Þú þarft að kaupa tvo skammta af **KLYX innhellilyf** sem fæst í án lyfseðils í apóteki og fara eftir eftirfarandi leiðbeiningum:

ATH! Í 2-5 DAGA FYRIR RANNSÓKNINA	Ef þú tekur blóðþynnandi lyf s.s. Xarelto, Eliquis, Lixiana, Kóvar, Warfarin, Plavix, Grepid, Clopidogrel, Brilique, Ticlid, Effient eða Pradaxa er stundum ráðlagt að gera hlé á inntöku lyfjanna, en einungis í samráði við lækni . Öll önnur lyf áttu að taka eins og vanalega.
KVÖLDIÐ FYRIR RANNSÓKN	Notar þú fyrri skammtinn af Klyx um kl 21/22 Lyfinu er sprautað inn um endaparm. Þú fylgir leiðbeiningum í fylgiseðli.
SAMA DAG OG RANNSÓKN FER FRAM	2 klst. fyrir speglun notar þú seinni skammtinn af Klyx . Þú fylgir leiðbeiningum í fylgiseðli. Þú þarft ekki að fasta fyrir rannsóknina.

Framkvæmd rannsóknar

Við komu tekur hjúkrunarfræðingur á móti þér og vísar þér inn á stofu þar sem þú skiptir um föt. Í rannsókninni liggur þú á bekk á vinstri hlið með bogin hné. Þú hefur tækifæri til að tala við sérfræðilækninn áður en speglunin hefst.

Oftast er ekki þörf á lyfjaforgjöf fyrir stutta ristilspeglun þar sem tekur rannsóknin um 5-15 mín. Ef þú hins vegar óskar eftir lyfjaforgjöf, **þá mátt þú ekki aka bíl eða stjórna vélum í amk 6 klukkustundir eftir**.

Fyrst er ristilspeglun framkvæmd, annaðhvort stutt þar sem neðsti hluti ristils og endaparmur sérstaklega skoðaður eða full ristilspeglun, þar sem allur ristilinn er skoðaður til að meta og staðfesta hvort teygjumeðferð henti. Í lokin er annað tæki notað sem fer inn um endaparm og skoðað með tilliti til teygjumeðferðar. Þá eru litlar gúmmíteygjur settar á stækkaða innri gyllinæð með sogklukku.

Eftir teygjumeðferð:

Eftir meðferðina klæðir þú þig. Ef þú hefur fengið lyfjaforgjöf hvílir þú þig um stund á vöknun. Sérfræðilæknirinn ræðir við þig og fer yfir niðurstöður rannsóknarinnar, eftir það getur þú farið heim. Þú mátt borða eðlilega eftir speglunina.

Þú finnur þrýsting í endaparmi og tilfinningu eins og þú þurfir að hafa hægðir út daginn. Þess vegna er mikilvægt að þú hreinsir þig vel út fyrir rannsóknina, því þá veistu að það er bara tilfinningin af teygjunum en ekki hægðir sem valda þér þessa tilfinningu. Þessi tilfinning er horfin næsta dag. Sjaldgæft er að þessi meðferð valdi blæðingu, ef svo ólíklega vill til að blæði mikið það gerist er mikilvægt að fara til læknis eða á bráðamóttöku.

Teygjurnar detta svo af eftir 3-4 daga og blandast inn í hægðirnar. Oftast sérðu það ekki en í sumum tilfellum getur blætt smá með.

Endanlegur árangur teygjumeðferðar er ekki fyrir en eftir 3-4 mánuði.

Mælt er með að stunda ekki stífa líkamsrækt eða lyfta mjög þungu í 4-5 daga eftir meðferðina, svo að teygjurnar fái að vera í friði, en öll eðlileg hreyfing er leyfileg og borða má eðlilega.

Sumir skjólstæðingar eru með mikla innri gyllinæð og þurfa að koma í frekari meðferð eftir nokkra mánuði.

Ath! að þessi meðferð hentar ekki við ytri gyllinæð.

Ef nánari upplýsinga er þörf hafið þá samband við starfsfólk okkar í síma
535-6800 alla virka daga milli kl. 08-16.

Gangi þér vel,
Kveðja,
starfsfólk Miðstöð Meltingarlækninga

Sérfræðingar í skurðlækningum

Anna Sverrisdóttir, læknir.
Helgi Birgisson, læknir, PhD.